

Nd.

525. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til laga um olfuverzlun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Það orkar varla tvímælis, að dreifingarkerfi þriggja olíufélaga, eða þrefalt olíudreifingarkerfi um land allt, er þjóðinni óhagkvæmt bæði í stofnkostnaði og rekstri. Gengur það skipulag í berhögg við nútíma hugmyndir um hagræðingu og sameiningu minni rekstrareininga.

Þessa óhagstæðu þróun olíudreifingarinnar um áratugaskeið ber að harma, ekki aðeins vegna þess, að hér er um að ræða stærsta kostnaðarliðinn í innflutningi þjóðarinnar, heldur einnig vegna þess, að dreifing þessarar vörutegundar er sérlega hagkvæm á hendi eins aðila. Hér kemur margt til, stærri og hagstæðari birgðageymslur um land allt og flutningakerfi, sem miðað er við þarfir þeirra birgðageymslna og hagsmuni neytenda, bæði einstaklinga og atvinnulífs.

Alþýðuflokkurinn hefur frá öndverðu barizt fyrir einkasölu ríkisins á olíu og er því eindregið fylgjandi þeirri stefnu, sem í frv. felst.

Augljóst er, að langan tíma tekur að ráða bót á þeim skipulagsgöllum, sem orðnir eru á olíudreifingarkerfinu, og það mun kosta mikið fé. Líklegt er, að í fyrstu yrði að reka mikinn hluta hins þrefalda dreifingarkerfis, þó að einn aðili tæki við rekstri þess. Frv. gerir ráð fyrir, að taka þurfi dreifingarkerfið eignar- eða leigunámi og þá að sjálfsögðu á matsverði dómkvaddra matsmanna. Erfitt er að gera sér grein fyrir, hverjum kostum ríkið yrði að sæta, án þess að fram færi sérfræðileg athugun og gerð verði áætlun um yfirtöku og rekstur þess dreifingarkerfis, sem nauðsynlegt er. Tryggja verður, að verðbólgugróði olíufélaganna af þessum eignum leiði ekki til hækkunar á olíuverði.

Þingmansfrv. það, sem hér liggur fyrir, er eðlilega ekki undirbúið sem skyldi í jafnflóknu og viðurhlutamiklu máli og hér er um að ræða, enda má skilja á greinargerð þeirri, sem málinu fylgir, að það sé fyrst og fremst flutt til liðskönnunar um þá stefnu, sem í frv. felst, og er undirritaður minni hl. fjárhagsnefndar þeirri stefnu fylgjandi.

Þar sem kunnugt er, að viðskiptamálaráðuneytið hefur haft olíudreifingarmálin til nánari athugunar og frv. þetta er ekki undirbúið sem skyldi, er hér með lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að fram fari nauðsynlegur undirbúningur undir flutning þess, svo að tryggt verði, að það nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt, að gera olíudreifinguna ódýrari en nú er.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Sigurður Ingimundarson.